

Indriði Ingi Stefánsson

Forritari og varapingmaður

indridistefans@gmail.com

699-2955



Ég vil vera fulltrúi sjóðfélaga í stjórn lífeyrissjóðsins.

Hvers vegna tel ég að það sé þörf á mínum kröftum inn í stjórn sjóðsins?

- Ég hef lengi verið sjóðfélagi og fyrir um ári síðan var ég með lán hjá sjóðnum. Ég er afar skilvís greiðandi og lánið mitt var upp á innan við 20% af fasteignamati eignarinnar minnar sem er á Höfuðborgarsvæðinu. Sem slíkt var mitt lán því upp á óverulega fjárhæð, nánast örugglega án allrar áhættu og allt stóð í skilum.
- Þegar kom að endurskoðun á vaxtaákvörðun lánsins fyrir ári síðan kom það mér verulega á óvart að vextirnir sem buðust voru 18 punktum hærrí, ekki 18 punktum hærrí en þeir voru fyrir hækkun, sú hækkun var eðlilega upp á nokkrar heilar prósentur heldur 18 punktum hærrí en þau lán sem sjóðurinn býður nýjum lánþegum.
- Ég hef því samband sannfærður um að hér hefðu orðið einhver mistök. En tölvan sagði nei, fulltrúi sjóðsins hafði ekki nokkurn minnsta áhuga á að hlusta á þær athugasemdir sem ég hafði fram að færa hvorki um að vextirnir væru of háir né að lánið væri nánast án áhættu fyrir sjóðinn.

Þarna áttaði ég mig á því að viðskiptum mín og lífeyrissjóðsins míns væri lokið í það minnsta að sinni. Ég held samt áfram að greiða í sjóðinn en það vildi svo heppilega til fyrir mig að ég átti lántökurétt hjá öðrum lífeyrissjóð sem tók mér mun betur og það gekk mjög greiðlega að taka það lán sem er eins og fyrra lán án áhættu og í fullum skilum um hver mánaðamót.

Sem sjóðfélagi finnst mér þetta vont. Ég vil að lífeyrissjóðurinn haldi í góða skilvísa lántakendur sérstaklega þegar lánsfjárhæðin er svo lítil hluti af fasteigna og brunamati. Það er einfaldlega óskynsamlegt að gera það ekki. Það er því greinilega breytinga þörf.

Við þurfum að koma vel fram við lántakendur sem eru sjóðfélagar og því í eigendahópi sjóðsins.

Við vaxtaendurskoðun væri sjálfsagt að taka tillit til áhættumats lántakenda það er óskynsamlegt að missa út góð lán sem eru án áhættu.

Við verðum að nálgast verkefnið af meiri virðingu en svo að sýna lántakendum svo slæmt viðmót að þeir hætti í viðskiptum.

Hver er ég?

Ef þú ert búinn að lesa svona langt langar þig kannski að vita meira um mig. Ég er fjölskyldumaður sem býr á Kársnesinu í Kópavogi ásamt eiginkonu og tveimur sonum. Er tölvunarfræðingur að mennt og á daginn mæti ég í vinnuna hjá fjármálafyrirtæki þar sem ég sinni forritun í kringum ýmiskonar uppgjörsmál, svipað og ég hef gert síðustu 24 ár í störfum fyrir ýmist fjármála- eða tæknifyrirtæki lengst af sem forritari.

2018 fékk ég áhuga á pólitík meira en bara að mæta á kjörstað og sinni nú orðið ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Pírata, er gjaldkeri Pírata í Suðvestur, er varaþingmaður, er varabæjarfulltrúi og ýmislegt fleira, hef tekið sæti á Alþingi og í bæjarstjórn Kópavogs. Þessi störf og sú reynsla sem fylgir stjórnámum gera það að verkum að ég tel mig hafa þó nokkuð fram að færa hvað varðar það að setjast í stjórn lífeyrissjóðsins.

Það fer ágætlega saman að gæta hagsmuna sjóðfélaga og lántakenda og ég mun beita mér fyrir því að sjóðurinn reyni að halda skilvísu lánþegum sem dregur úr áhættu sjóðsins og hlífir við þeim kostnaði sem fylgir því að afla annarra fjárfestingakosta.